

Kammersveitina Apenu skipa hljóðfæraleikarar sem flestir eru fastráðnir við Sinfóníuhljómsveit Íslands, hafa æft saman undanfarin ár og leikið á tónleikum við ýmis tækifæri. Þetta eru fyrstu tónleikar sveitarinnar undir þessu nafni og marka þeir upphaf að skipulögðum tónlistarflutningi.

Sérstakir gestir á þessum tónleikum eru *Freyr Sigurjónsson* flautuleikari og *Daniel Carranza* gítarleikari sem báðir búa og starfa í Bilbao á Spáni.

Freyr Sigurjónsson hefur starfað sem fyrsti flautuleikari í Sinfóníuhljómsveit Bilbao frá árinu 1982, en þá hafði hann nýlokið framhaldsnámi frá Royal Northern College of Music í Manchester.

Freyr hefur víða komið fram með kammersveitum og sem einleikari með hljómsveitum. Hann er fastráðinn kennari í flautuleik við Tónlistarskólann í Bilbao, en hefur einnig haldið fjölda meistaranámskeiða á Spáni, meðal annars í Santander, Burgos og Sevilla.

Íslenskum tónlistarunnendum gafst kostur á að hlýða á flautuleik Freys á tvennum tónleikum í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar á liðnu sumri.

Daniel Carranza er fæddur í Bilbao og hóf ungur gítarnám í Madrid. Hann hefur sérstakan áhuga á eldri strengjahljóðfærum eins og lútu, theorbu, vihuelu og barokkgítar. Í námi sínu í París lagði hann sérstaka rækt við basso continuo og fór meðal annars í tíma til Hopkinson Smith.

Daniel Carranza er eftirsóttur kennari og hefur kennt við tónlistarskóla í Bilbao, Guatemala og Nicaragua. Sem einleikari hefur hann komið víða fram í Evrópu, í Austurlöndum nær og í Miðameríku. Eftir hann liggur fjöldi hljómdiska með spænskri endurreisnartónlist.

Daniel hefur einnig fengist við tónsmíðar og hefur meðal annars samið leikhús- og kvikmyndatónlist.



Efnisskrá

Kammersveitin Aþena

jólatónleikar í Neskirkju

fimmtudaginn 28. desember 2006 klukkan 17

fiðluleikarar

Hlíf Sigurjónsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Hlín Erlendsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

víóluleikarar

Sarah Buckley
Sesselja Halldórsdóttir

sellóleikarar

Júlía Mogensen
Lovísa Fjeldsted

kontrabassaleikari

Þórir Jóhannsson

theorbuleikari

Daniel Carranza

hornleikarar

Anna Sigurbjörnsdóttir
Emil Friðfinnsson

G. Rossini

Sonata nr. 1 í G-dúr

Moderato
Andantino
Allegro

J.S. Bach

Hljómsveitarsvíta í h-moll BWV 1067

Ouverture
Rondeau
Sarabande
Bourrée I, II
Polonaise
Menuet
Badinerie

Einleikari á flautu: *Freyr Sigurjónsson*

W.A. Mozart

Divertimento í F-dúr KV. 247

Allegro
Andante grazioso
Menuetto
Adagio
Menuetto
Andante - Allegro assai